


STAÐA MÁLS

Málnr.:	2016-131F022
Dags:	19. október 2016
Staður:	Aðflug að flugbraut 19 á Keflavíkflugvelli
Lýsing:	Óstöðugt aðflug
Staða máls:	Október 2017: Í rannsókn

Flugvél TF-ISR, sem er af gerðinni Boeing 757-200, var í aðflugi fyrir flugbraut 19 á Keflavíkflugvelli.

Hugðist áhöfn flugvélarinnar fljúga aðflugið samkvæmt svæðisleiðsögu (RNAV) aðflugsferlum, þar sem ILS búnaður fyrir flugbraut 19 var óvirkur vegna framkvæmda á flugvelli.



Þegar flugvélin var komin niður í um 500 feta hæð yfir jörðu fór aðvörðun í gang frá framsýnum jarðvara¹ hennar. Í kjölfarið hófu flugmenn flugvélarinnar fráhrarfsflug.

Þegar atvikið átti sér stað var rigning, takmarkað skyggni og vindur á bilinu 150°/25 - 160°/35 ásamt 48 hnúta vindhviðum á Keflavíkflugvelli.

Beinist rannsókn málsins m.a. að þjálfunarmálum, veðri, undirbúningi flugs, framkvæmdum á flugvelli, flugumferðarstjórn, landingarskilyrðum og framkvæmd aðflugsins.

¹ Enhanced Ground Proximity Warning System